

# PRÓF til viðurkenningar bókara

## I. HLUTI

(Sjúkra- og upptökupróf)

### Reikningshald

Prófnúmer próftaka: .....

**Námsgrein til prófs:** Reikningshald I. hluti og er prófið þrískipt: Krossaspurningar (50%)  
Skilgreiningar (20%), Smáverkefni (30%).

**Prófdagur:** 14. janúar 2015 **Kl.:** 16:00 – 19:00

**Próftími alls:** Prófið er 3 klukkutímar **Prófverkefnið er á 11**  
blaðsíðum, þ.m.t. forsíða.

**Leyfileg hjálpargögn:** Kennitölublað **Fylgiblöð:** *Auð próförk*  
Reiknivél af einfaldri gerð.

**Leiðbeiningar:** Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL AUÐKENNA SKILMERKILEGA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

**I. Krossaspurningar – vægi 50% (90 mín.) – 2,5% fyrir hvern réttan kross**  
(*Merkja skal við aðeins einn möguleika*)

1. Hvert af eftirtöldu er ekki forsenda reikningsskila?
  - a. Rekstrarhæfi
  - b. Kostnaðarverðsregla
  - c. Rekstrargrunnur
  - d. Stöðugleiki gjaldmiðils
  - e. Ekkert af ofangreindu
  
2. Á hverjum af eftirfarandi bókhaldsliðum myndi staðan minnka við bókun í debet:
  - a. Skuldir, gjöld og eigið fé
  - b. Skuldir, tekjur og eigið fé
  - c. Eignir, gjöld og eigið fé
  - d. Eignir, tekjur og eigið fé
  - e. Eignir, skuldir og eigið fé
  
3. Ef skuldir minnka um 300.000 kr. og eigið fé eykst um 100.000 kr. á sama tímabili um hvaða fjárhæð munu þá eignir breytast og hvort væri um ræða hækkun eða lækkun?
  - a. 400.000 kr. (lækkun)
  - b. 400.000 kr. (hækkun)
  - c. 100.000 kr. (hækkun)
  - d. 200.000 kr. (lækkun)
  - e. 200.000 kr. (hækkun)
  
4. Fyrirfram innheimtar tekjur flokkast sem:
  - a. Eignir
  - b. Skuldir
  - c. Eigið fé
  - d. Tekjur
  - e. Gjöld

5. Hannes Björn gjaldkeri hjá ABLE ehf. greiðir afborgun og vexti af langtímaláni félagsins. Færslan í bókhaldi félagsins hefur áhrif á:
- Eignir, tekjur og skuldir
  - Eignir, tekjur og eigið fé
  - Eignir, gjöld og skuldir
  - Eignir, gjöld og tekjur
  - Skuldir, gjöld og tekjur

6. LG ehf. kaupir inn vörur til endursölu með álagningu. Vörubirgðir í upphafi árs voru 20 stykki á 10.000 kr/stk. Eftirfarandi innkaup voru gerð á árinu:

Janúar	40 stk. á 11.000 kr./stk.
Júní	40 stk. á 12.000 kr./stk.
Október	50 stk. á 13.000 kr./stk.

LG ehf. seldi 120 stk. á árinu.

Hversu mörg stykki voru til sölu á árinu og hvert var kostnaðarverð þeirra?

- 150 stk. og 1.770.000 kr.
  - 30 stk. og 390.000 kr.
  - 50 stk. og 650.000 kr.
  - 20 stk. og 200.000 kr.
  - 0 stk. og 0 kr.
7. Hvað er uppsöfnuð afskrift?
- Afskrift eignar
  - Kostnaður við virðisrýmun eignar
  - Framtíðarvirði eignar
  - Heildarfjárhæð allra afskrifta ákveðinnar eignar
  - Ekkert af ofangreindu er rétt

8. Samkvæmt bókhaldi á rekstrargrunni eiga vaxtatekjur af bankainnistæðu á þriggja ára tímabili að koma fram í rekstrarreikningi:
- Í lok þriðja árs.
  - Í lok annars árs
  - Í lok fyrsta árs.
  - Í upphafi fyrsta árs.
  - Á hverju ári.
9. Í bókhaldi Hobbitans ehf. er lóð færð við upphaflegu kostnaðarverði sem var 4.800.000 kr. Lóðaverð hækkaði nokkuð á árinu 2014 og má ætla að markaðsverð lóðarinnar í árslok hafi numið 6.000.000 kr. Fasteignamat lóðarinnar í árslok 2014 var 5.300.000. Hvaða fjárhæð á að koma fram í efnahagsreikningi félagsins fyrir árið 2014?
- 4.800.000 kr.
  - 6.000.000 kr.
  - 5.300.000 kr.
  - Landið kemur bókhaldi félagsins ekkert við.
  - Stjórnendur félagsins hafa val um færa í bókhaldið möguleika a eða b.
10. Hagnaður ársins hjá Blu ehf. var 2.000.000 kr. og hlutafé á sama tíma 500.000 kr. og V/H hlutfallið var 10. Markaðsgengi (verð pr. hlut) Blu ehf. var því:
- 5.000.000
  - 40
  - 4
  - 200.000
  - 25

11. Hótel 1919 ehf. seldi fasteign sína þann 30. ágúst 2013 fyrir 100.000.000 kr. Fasteignin var keypt 1. september 2009 á 85.000.000 kr. (hrakvirðið er 8.500.000 kr.) og var ætlun að eiga hana í 40 ár. Fasteignin hefur verið afskrifuð línulega. Hver var söluhagnaður af eigninni?

- a. 13.500.000 kr.
- b. 15.000.000 kr.
- c. 23.500.000 kr.
- d. 8.500.000 kr.
- e. 22.650.000 kr.

12. Eftirfarandi eru nokkrar tölur úr tveimur síðustu ársreikningum Bantex ehf., sem selur vörur eingöngu út í reikning:

	Árið 2014	Árið 2013
Vörubirgðir 31.12	1.500.000	1.700.000
Viðskiptakröfur nettó 31.12	1.850.000	1.950.000
Handbært fé 31.12	300.000	250.000
Langtímaskuldir 31.12	3.500.000	3.000.000
Skammtímaskuldir 31.12	2.400.000	2.000.000
Vörusala brúttó	15.000.000	9.000.000
Seldri vöru skilað	900.000	1.000.000
Vörukaup nettó	7.000.000	4.000.000
Hagnaður	1.500.000	800.000

Hvert er lausafjárhlutfallið hjá Bantex ehf. fyrir árið 2014?

- a. 1,52
- b. 1,04
- c. 0,90
- d. 0,61
- e. 1,39

13. Sömu forsendur og í spurningu 12.

Hver er veltuhraði og innheimtutími viðskiptakrafna hjá Bantex ehf.?

- a. Veltuhraðinn er 7,42 og innheimtutíminn 49 dagar
- b. Veltuhraðinn er 7,89 og innheimtutíminn 46 dagar
- c. Veltuhraðinn er 3,95 og innheimtutíminn 92 dagar
- d. Veltuhraðinn er 3,74 og innheimtutíminn 98 dagar
- e. Ekkert af ofantöldu er rétt

14. Þann 1. janúar 2014 keypti Carlson ehf. vél til að nota í framleiðsluferlinu hjá sér. Verð vélarinnar var 3.000.000 kr. Tengd útgjöld sem ekki eru innifalin í verði vélarinnar voru:
- Flutningskostnaður 150.000 kr.
  - Flutningstrygging 40.000 kr.
  - Uppsetning 105.000 kr.
  - Prufukeyrsla 50.000 kr
  - Smurólía við uppsetningu 2.000 kr
  - Aðrir vökvar sem notast eiga fyrsta árið 50.000 kr.

Hvert er kostnaðarverð vélarinnar sem kemur fram í bókhaldi Carlson ehf.?

- a. 4.065.000
  - b. 4.067.000
  - c. 3.345.000
  - d. 3.397.000
  - e. 3.347.000
15. Víking ehf. keypti vél 1. janúar 2014 fyrir 1.000.000 kr.. Hrakvirði hennar er áætlað 100.000 kr. í lok endingartímans sem er 5 ár. Reiknað er með að heildarnotkun vélarinnar verði 37.000 stundir á þessum fimm árum. Vélin var notuð í 6.500 stundir á árinu 2014. Ef Víking ehf. styðst við notkunaraðferð (einingaafskrift), hvað á þá að afskrifa vélina mikið á árinu 2014?
- a. 168.108 kr.
  - b. 158.108 kr.
  - c. 202.905 kr.
  - d. 212.905 kr.
  - e. Ekkert af ofangreindu er rétt
16. Bókfært verð bifreiðar er 80.000 kr. og uppsöfnuð línuleg afskrift bifreiðarinnar er 170.000 kr. í lok árs 8. Hrakvirði bifreiðarinnar er áætlað 10%. Hvert var kostnaðarverðið, hrakvirðið og bókfært verð í lok árs 9?
- a. Bókfært verð: 58.750 kr. Hrakvirði: 25.000 kr. Kostnaðarverð: 80.000 kr
  - b. Bókfært verð: 25.000 kr. Hrakvirði: 58.750 kr. Kostnaðarverð: 80.000 kr
  - c. Bókfært verð: 25.000 kr. Hrakvirði: 58.750 kr. Kostnaðarverð: 250.000 kr
  - d. Bókfært verð: 58.750 kr. Hrakvirði: 25.000 kr. Kostnaðarverð: 250.000 kr
  - e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

17. Þann 30. júní 2013 var verðtryggt lán tekið að upphæð 2.000.000 kr. Grunnvísitala var 400 stig en var 430 í árslok 2013. Vextir eru 10%. Afborgun mun ekki eiga sér stað fyrr en á árinu 2014. Hverjar voru gjaldfærðar verðbætur á árinu 2013?

- a. 200.000 kr.
- b. 150.000 kr.
- c. 107.500 kr.
- d. 93.023 kr.
- e. 130.500 kr.

18. Hvar á sölutap af fastafjármun að koma fram í sjóðstreymi?

- a. Sem aukning handbærs fjár í fjárfestingahreyfingum.
- b. Sem minnkun handbærs fjár í fjárfestingahreyfingum.
- c. Sem aukning handbærs fjár í rekstrarhreyfingum.
- d. Sem minnkun handbærs fjár í rekstrarhreyfingum.
- e. Söluhagnaður af fastafjármunum á ekki að koma fram í sjóðstreymi.

19. Hvar á afborgun langtímaláns að koma fram í sjóðstreymi?

- a. Sem hækkun handbærs fjár í fjármögnunarahreyfingum.
- b. Sem minnkun handbærs fjár í fjármögnunarahreyfingum.
- c. Sem hækkun handbærs fjár í rekstrarhreyfingum.
- d. Sem minnkun handbærs fjár í rekstrarhreyfingum.
- e. Greiðsla arðs á ekki að koma fram í sjóðstreymi.

20. Rekstrarreikningur ársins 2014 hjá Primera ehf. gefur eftirfarandi til kynna:

<b>Rekstrartekjur:</b>	
Seld þjónusta	10.000
Seldar vörur	2.000
<b>Tekjur samtals:</b>	<b>12.000</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>	
Laun	4.000
Húsaleiga	1.500
Auglýsingar	1.000
Skrifstofuvörur	500
Vátryggingar	170
<b>Gjöld samtals:</b>	<b>7.170</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>4.830</b>

Í ársbyrjun 2014 voru eignir félagsins 30.000 og skuldir 18.000. Greiddur var arður til eigandans að fjárhæð 2.000. Hvert er eigið fé í ársreikningi félagsins fyrir árið 2014?

- a. 12.000 kr.
- b. 4.830 kr.
- c. 7.170 kr.
- d. 16.830 kr.
- e. 14.830 kr.



**II. Skilgreiningar – stuttar en hnitmiðaðar útskýringar (5-10 línur við hvern lið) – vægi 20% (36 mín.)**

- a. Nefnið fjórar af fimm meginforsendum reikningsskila og útskýrið hverja þeirra.
- b. Útskýrið viðskiptakröfur og að minnsta kosti þrjár mismunandi tegundir þeirra.
- c. Útskýrið vörubirgðir og hvernig þær skulu skráðar og metnar í bókhaldi.
- d. Hvað er átt við með leiðréttum prófjöfnuði?

**III. Nokkur smáverkefni – vægi 30% (54 mín.)**

**Dæmi 1 - vægi 5% (9 mín.)**

*Eðli reikningshalds:*

Merktu við hvort viðeigandi fullyrðing er rétt (R) eða röng (V)

\_\_\_ Markmið reikningsskila er að veita gagnlegar upplýsingar.

\_\_\_ Sjóðstreymi er að skrá viðskipti og halda utan um færslurnar.

\_\_\_ Samkvæmt kostnaðarverðsreglunni ber að skrá eignir við upphaflegu kaupverði.

\_\_\_ Allir bókhaldslyklar í efnahagsreikn. eru fjölærir, þ.e. lokastaða 31.12.X1 er upphafsstaða 01.01.X2.

\_\_\_ Skuldir, eigið fé og tekjur hækka þegar færð er í debet.

\_\_\_ Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir til að dreifa kostnaðarverði yfir líftíma eignar.

\_\_\_ Fyrirtæki getur greitt út arð þrátt fyrir að tap hafi verið á rekstrarárinu.

**Dæmi 2 - vægi 10% (18 mín.)***Kennitölur:*

Hér fyrir neðan eru tilfærðar tölur úr fjárhagsbókhalda þriggja fyrirtækja, X, Y og Z.

Finndu tölurnar sem vantar í bókstafsmerktu reitina.

Fyrirtæki	Sala	Vöru- birgðir 1/1	Vöru- kaup	Vöru- birgðir 31/12	Kostnaðar- verð seldra vara	Bruttó ágóði	Rekstrar- gjöld	Rekstrar- hagnaður (-tap)
X	90.000	65.000	(a)	100.500	60.000	30.000	19.500	(b)
Y	(c)	25.000	37.000	(d)	27.000	(e)	10.500	5.000
Z	60.700	(f)	15.600	10.000	(g)	36.800	41.800	(h)

### Dæmi 3 - vægi 15% (27 mín.)

#### *Birgðamat*

Bakaradregurinn ehf. flytur inn og selur í heildsölu vélar til kökubaksturs í heimahúsum. Í ársbyrjun 2014 átti fyrirtækið 40 vélar á lager. Kostnaðarverð þeirra var metið á samtals 2.000.000 kr.

Á árinu voru innkaup fyrirtækisins á vélum sem hér segir (magn og einingarverð):

- 15. mars            5 ein.            @ kr. 52.500
- 5. júlí              7 ein.            @ kr. 52.750
- 22. nóv.            4 ein.            @ kr. 55.550

Samkvæmt vörutalningu í árslok 2014 átti Bakaradregurinn ehf. óseld 7 ein.

- Hvert er kostnaðarverð seldra vara samkvæmt FIFO – birgðafláði?

- Hvert væri kostnaðarverð lokabirgða samkvæmt FIFO - birgðafláði?

- Hvert væri kostnaðarverð lokabirgða samkvæmt meðaltalsaðferð?